


FRÓÐLEIKUR

Skýrt samhengi er á milli neysluháttanna og loftslagsbreytinga. Vítahringurinn í neysluháttum okkar er að við erum föst í því að sóa hráefnum ótæpilega og mengun er allt of mikil. Nú er komið að því að við verðum að taka höndum saman og minnka neysluna og ekki síður að breyta neysluvenjum okkar. Neyslan þarf að vera þannig að hún sé í takt við það sem náttúran og jörðin geta skapað okkur. Það er nauðsynlegt að hver og einn líti í eigin barm og horfi á sig sem neytanda sem getur haft jákvæð áhrif á umhverfismál. Lífsstíll okkar og breytni skiptir umhverfi okkar máli. Þótt ábyrgð stjórnvalda sé mikil í umhverfismálum þá er ábyrgðin fyrst og fremst okkar, að breyta hegðun okkar sem neytanda. Við getum öll tekið þátt í því að minnka losun CO₂ út í andrúmsloftið með því að lifa dagsdaglega á loftslagsvænan hátt. Við ættum öll að tileinka okkur breyttan lífsstíl og minni neyslu.



RÆÐA

- Hvað er sorp/úrgangur?
- Eru einhver vermæti í úrganginum?
- Hvaðan kemur allur úrgangurinn? Hvað verður um úrganginn?
- Hvernig getum við minnkað magn úrgangs?
- Hvaða vörur þekkir þú sem eru úr endurunnu efni?
- Hvað er hægt að endurvinnna? Hvar eru endurvinnslustöðvar?

VERKEFNI

YNGSTA STIG

- Ýmis verkefni tengd endurvinnslu – www.heimurinn.is og í heimilisfræðiefninu *Gott og gagnlegt og Hollt og gott*.
- Innkaup – www.heimurinn.is
- Hringrásir – safnkassar – www.heimurinn.is, *Græðlingur* 3 bls. 78 og 79.
- Nýting hráefna og endurvinnsla bls. 25 – 28 í *Ein jörð fyrir alla – um ókomna tíð*.
- Föndurhugmyndir úr verðlausum efnum – www.sorpa.is

MÍÐSTIG

- Það sem kemur frá okkur, könnun og verkefni á www.heimurinn.is
- Nýting hráefna og endurvinnsla bls. 25–28 í *Ein jörð fyrir alla – um ókomna tíð*.
- Umhverfismerki, hvernig eru þau og fyrir hvað standa þau? – www.heimurinn.is og www.sorpa.is
- Útbúa auglýsingu sem hvetur fólk til að kaupa ákveðna vöru úr endurunnu efni.

UNGLINGASTIG

- Neysla – verkefni og vefleiðangur á www.heimurinn.is
- Nýting hráefna og endurvinnsla bls. 25–28 í *Ein jörð fyrir alla – um ókomna tíð*.
- Hvaða breytingar eru líklegar til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Bls. 28 og 29 í *CO₂ Framtíðin er í okkar höndum*.
- Kynnið ykkur alþjóðlega samninga um umhverfisvernd bls 18–19 í *CO₂ Framtíðin er í okkar höndum*.